



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Vöktun hreindýrastofnsins 2000-2001 og tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta árið 2002

Skarphéðinn G. Þórisson

**Janúar 2002
Egilsstaðir**

Þessi skýrsla byggir á drögum sem lögð fyrir
Hreindýraráð 14. nóvember 2001 á fundi á Egilsstöðum.
Endurskoðað og fullunnið í janúar 2002.

Inngangur

Hér verða reifaðar helstu niðurstöður af vöktun Náttúrustofu Austurlands á hreindýrastofninum árið 2001. Vöktunin felst m.a. í vetrar- og sumartalningu, athugun á frjósemi, aldurs- og kynjasamsetningu og skráningu á ágangi hreindýra.


Kynnt verður tillaga Náttúrustofu Austurlands um hreindýrakvóta fyrir næsta ár sem byggir á vöktuninni og þeirri stefnu að sumarstofn hreindýra sé um 3000 og samsetning þannig að í vetrarbyrjun séu kýr um 50% stofnsins, tarfar um 30% og afgangurinn kálfar. Einnig að hreindýrin verði hvergi það mörg á einstökum svæðum að hætta sé á gróðurskemmdum af þeirra völdum.

Vetrartalning 2001

Hreindýr voru talin á Austurlandi dagana 15. - 21. mars 2001. Veður til talningar var gott og heppnaðist talningin vel. Samtals fundust 2582 hreindýr sem er 294 fleiri dýr en í vetrartalningu 1999. Vetrartalningin 2000 tókst ekki sem skyldi vegna tíðarfars eins og oft áður. Í fyrstu töflu eru niðurstöður talningarinnar 2001 sýndar og einnig samanburður við talninguna 1999. Þessar niðurstöður eru einnig sýndar á 1. mynd.

1. tafla. Niðurstöður vetrartalningar 15. - 21. mars 2001.

	F. ?	U. ?	K ?	H ?	Kálfar	X	2001	1999	Breyting
Vopnafjarðarhreppur	48	11		44	8	37	148	72	76
Fljótsdalshreppur N						67	67	228	-161
Fljótsdalshreppur S						55	55	11	44
Jökuldalur N	4					260	264	412	-148
Jökuldalur A	12	14		99	28	57	210	141	69
Fellahreppur	22	21	5	124	56	33	261	165	96
Hróarstunga	54	38	2	30	30	14	168	76	92
Jökulsárhlíð	2			20	1		23	63	-40
Hjaltastaðarþinghá	11	1	1	70	3	2	88	87	1
Borgarfjarðarhreppur	9	6		40	29	6	90	187	-97
Seyðisfjarðarhreppur						100	100	3	97
Skriðdalur V	13	4					17	32	-15
Skriðdalur A		4		3	3	74	84	0	84
Vellir	12	2		18	3		35	17	18
Eiðarþinghá	23						23	25	-2
Fjarðab. (Eskifj/Norðfj)	25	24		66	31	48	194	149	45
Fjarðabyggð (Reyðarfj.)	12	9		23	8		52	30	22
Breiðdalshreppur	17					72	89	83	6
Djúpivogur (Beruneshr.)	8	10	2	25	3	20	68	66	2
Djúpivogur (Búlandshr.)	3						3	3	0
Djúpivogur (Geith.hr.)						207	207	204	3
Lón	21	11		64	28		124	68	56
Nes	13	3	1	28	8		53	36	17
Mýrar	2	4	3	59	36	30	134	105	29
Suðursveit	13					12	25	25	0
SAMTALS	324	162	14	713	275	1094	2582	2288	+294
hlutfall %	22	11	1	48	18				



1. mynd. Samanburður á fjölda hreindýra á mismunandi svæðum samkvæmt vetrartalningum 1999 (svart) og 2001 (grátt).

Ef kannaður er munur á dreifingu dýranna 1999 og 2001 (1. mynd) felst hann aðallega í eftirfarandi:

- ?? Í Lóni og þar fyrir vestan hefur dýrunum fjölgað um 100.
- ?? Í Fjarðabyggð hefur þeim fjölgað um 70.
- ?? Í Skriðdal hefur þeim fjölgað um 70 og er fjölgunin á svæði 2 (vesturhluta).
- ?? Í Seyðisfirði sjást nú um 100 dýr, eflaust komin úr Loðmundarfirði.
- ?? Samsvarandi fækkun er í Borgarfjarðarhreppi sem nemur fjölgun í Seyðisfirði.
- ?? Hreindýrum fjölgar um 260 á austanverðum Jökuldal, Tungu og Fellum.
- ?? Hreindýrum fækkar að sama skapi á Jökuldalsheiði og í Jökulsárhlið.
- ?? Hreindýrum fækkar í Fljótalsdalshreppi um 120 sem skýrir að hluta fjölgun utar á Héraði.
- ?? Um 70 fleiri dýr finnast í Vopnafjarðarhreppi, eflaust ættuð af Jökuldalsheiði.

Í annari töflu er samsetning stofnsins samkvæmt vetrartalningum 1999 og 2001 sýnd. Ef þær niðurstöður eru bornar saman sést að litlar breytingar hafa orðið, fullorðnum törfum virðist hafa fjölgað örlítið hlutfallslega. Þar sem veiðikvóti síðustu ára hefur miðast við það að fjölga törfum í stofninum kemur þessi niðurstaða ekki á óvart. Heildarmyndin lítur vel út en skoða þyrfti nánar samsetningu hjarða á einstökum svæðum.

2. tafla. Samsetning vetrarstofns hreindýra samkvæmt talningum 1999 og 2001.

	1999	%	2001	%
Kýr	725	48	727	49
Fullorðnir tarfar	280	18	324	22
Ungir tarfar	182	12	162	11
Kálfar	331	22	275	18
	1518		1488	

Í þriðju töflu eru bornar saman vetrartalningar frá 1991 - 2001. Þar sést greinilega að vetrartalningar hafa heppnast misjafnlega í gegnum tíðina. Talningin nú hefur heppnast vel en hafa ber þó í huga að þær gefa ætíð lágmarkstölu.

3. tafla. Vetrartalningar á hreindýrum frá 1991 – 2001.

	1991	1992	1993	1994	1995	1997	1998	1999	2000	2001
Vopnafjarðarhreppur	15	32	49	15	15	16	52	72	0	148
Fljótsd.hr. N jökulsár	278	217	426	175	93	70	124	228	151	67
Fljótsd.hr. A jökulsár	168	230	74	190	13	34	10	11	52	55
Jökuldalur A Jöklu	355	110	105	79	37	97	218	141	134	210
Jökuldalur N Jöklu	205	106	224	69	136	312	279	412	417	264
Fellahreppur	80	185	87	127	63	202	82	165	201	261
Hróarstunga	0	50	106	11	31	189	70	76	15	168
Jökulsárhlið	37	0	0	0	57	0	120	63	12	23
Hjaltastaðarþinghá	4	15	0	18		6	0	87	0	88
Borgarfjarðarhreppur	287	250	246	214	117	160	154	187	23	90
Seyðisfjarðarhreppur	14	19	10	2	6	6	0	3	0	100
Skriðdalur	277	205	91	310	2	28	57	32	34	101
Vellir	78	38	84	20	36	4	0	17	16	35
Egilsstaðir					7	0	0	0		0
Eiðabínghá	30	0	100	200	0	0	5	25	23	23
Mjóafjarðarhreppur	2	0	0	0	0	0	0	0	80	0
Norðfjörður/Eskifjörður	100	129	113	116	127	112	118	149	106	194
Reyðarfjörður	27	50	24	20	23	19	0	30		52
Fáskrúðsfj.hreppur				1	7	0	0	0	0	0
Stöðvarhreppur	46	0	0	0	0	0	0	0		0
Breiðdalshreppur	311	213	174	297	210	66	106	83	80	89
Djúpivogur (Berun.hr.)	72	27	29	114	37	73	9	66	49	68
Djúpivogur (Búl.hr.)	96	34	41	52	0	20	24	3	26	3
Djúpivogur (Geith.hr.)	267		150	203	80	102	152	204	154	207
Lón	135	106	84	62	110	94	55	68	95	124
Nes	84	54	75	62	40	14	0	36		53
Mýrar	96	42	42	40	44	75	78	105		134
Suðursveit	18	0	0	0	4	30	15	0		25
SAMTALS	3082	2112	2334	2397	1295	1729	1728	2263	1668	2582

Upp úr 1990 var ákveðið að reyna að fækka dýrunum og halda sumarstofninum í 3000 dýrum. Ef gengið er út frá því að um 25% sumarstofns séu kálfar var heildarfjöldinn í júlí 2001 rúm 3400 dýr miðað við niðurstöður vetrartalningarinnar.

Stefnt hefur verið að því að fækka hreindýrum vestan Hornafjarðarfljóts til að stemma stigu við landnámi þeirra í Suðursveit og útrás þeirra til vesturs.

4. tafla. Niðurstöður vetrartalninga á hreindýrum á Suðausturlandi árin 1991-2001.


	1991	1992	1993	1994	1995	1997	1998	1999	2000	2001	Meðaltal
Lón	135	106	84	62	110	94	55	68	95	124	93
Nes	84	54	75	62	40	14	0	36		53	46
Mýrar	96	42	42	40	44	75	78	105		134	73
Suðursveit	18	0	0	0	4	30	15	0		25	10
	333	202	201	164	198	213	148	209	95	336	223

Ef fjórða tafla er skoðuð sést að fjöldi hreindýra á Suðausturlandi er svipaður nú og hann var fyrir áratug en þó 45 fleiri á Mýrum og í Suðursveit. Ástæða þessa er að hluta sú að sum haust hefur illa gengið að veiða dýrin vegna þess að nokkrir landeigendur hafa lokað löndum sínum fyrir veiðum.

Frjósemi

Þar sem geldar kýr fella hornin í síðasta lagi í mars en kelfdar kýr ekki fyrr en eftir burð er auðveldlega hægt að sjá hlutfall kúa sem bera með því að telja hyrndar kýr í apríl.

Á tímabilinu 11. - 20. apríl 2001 voru tæplega 200 kýr skoðaðar á Héraði og var 81% þeirra hyrndar. Samkvæmt erlendum rannsóknum er hlutfallið oft á bilinu 70-80% í villtum hreindýrastofnum. Það bendir því allt til þess að frjósemi hreindýra á Austurlandi sé í góðu lagi. Æskilegt hefði þó verið að skoða kýr víðar en á Héraði og verður stefnt að því vorið 2002. Á 2. mynd eru sýndar niðurstöður athuganna á frjósemi dýranna í gegnum tíðina.



2. mynd. Hlutfall hyrndra/kelfdra kúa í apríl á Héraði á árunum 1979-2001.

Meira bar á sumrungum á veiðitíma en menn höfðu áður tekið eftir. Reimar Ásgeirsson gekk fram á nýborna kollótta kú við Grjótárhjúk á Hraunum þann 13. september. Ekki hefur frést af því fyrr að hreinkýr hafi borið í september hér á landi. Ástæða þess að fleiri kýr báru nú eftir hefðbundin burðartíma í maí er ókunn en brýnt er að fylgjast náið með þessu á næsta ári.

Sumartalning

Hreindýr hafa yfirleitt verið talin í fyrstu viku júlí ár hvert. Vegna óhagstæðs tíðarfars var ákveðið að seinka aðeins talningunni í ár. Af ýmsum ástæðum var ekki hægt að telja fyrr en þann 5. ágúst. Nú bar svo við að engin hreindýr fundust á hefðbundnum svæðum á Snæfellsöræfum (vesturhluti Hrauna, Múli, Undir Fellum og Vesturöræfi) nema í Kringilsárrana. Virtust hreindýrin nú flest vera dreifð um Fljótsdals- og Fellaheiði utan Laugarár. Aðeins tókst að mynda einn hóp sem í voru um 440 hreindýr og var hann norðan undir Miðheiði upp af Teigaseli. Í Kringilsárrana fundust 104 hreindýr; 15 kýr, 7 kálfar og 82 tarfar. Miðað við upplýsingar heimamanna um hreindýr á Brúardölum fyrr um sumarið er hugsanlegt að dýrin hafi verið eitthvað fleiri í Kringilsárrana.

Samkvæmt sumartalningum 1979-2000 var meðalkálfahlutfall af heild í Snæfellsbjörðinni 31% (21-36). Kálfahlutfall á fengitíma bendir til þess að það hafi getað verið eitthvað lægra í ár en í meðalári, einkum á Fljótsdalsheiði (sjá 6. töflu).

Aldurs- og kynjahlutfall

Samsetning stofnsins er könnuð á fengitíma en þá er talið að allir aldurs- og kynjahópar séu jafndreifðir í hjörðunum. Stefnt hefur verið að því frá því um 1990 að fjölga törfum í stofninum svo hlutur þeirra yrði svipaður og í hreindýrastofnum án veiða. Þetta er gert til hagsbóta bæði fyrir dýrin og þá sem nýta þau. Í 5. töflu er samsetningin sýnd frá 1979 til 2001. Þar sést glögglega að tekist hefur að móta hlutfallið með veiðunum eins og stefnt var að.

5. tafla. Aldurs- og kynjahlutfall (%) í Snæfellsbjörðinni á Fljótsdalsheiði um fengitímamann frá 1979-2001.

Aldur og kyn	1979		1980		1981		1990		1991		1992		2000		2001	
	%	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%	n
Kýr (?1 árs)	73	333	56	216	58	214	54	77	50	42	56	87	40	72	54	393
Kálfar	17	78	30	114	35	127	35	49	42	36	33	52	25	45	18	134
Veturg. tarfar	6	26	10	38	5	20	10	14	6	5	9	14	15	26	12	88
2 ára tarfar	3	15	3	13	1	1	1	2	2	2	1	2	9	16	6	46
?3 ára tarfar	1	3	1	5	1	2	0	0	0	0	1	1	11	19	10	69

Samsetning hjarða var nú skoðuð norðan og austan Reyðarfjarðar. Hefur úrtak dýra aldrei verið eins hátt og því ætti að vera meira að marka niðurstöður 2001 en áður. Á 6. töflu sést að hlutfallið getur verið nokkuð breytilegt á milli svæða

6. tafla. Niðurstöður athugana á aldurs- og kynjasamsetningu stofnsins á fengitíma árið 2001 á mism. svæðum.

Fengitími 2001		n	%	n	%	n	%	n	%	n	%		
Landtalning	Dags.	?		Kálfar		V ?		2 ?		3+ ?		Samtals	x
Borgarfjörður	24.9.	63	44	48	34	16	11	7	5	9	6	143	
Sandvík	10.9.	137	60	43	19	13	6	16	7	20	9	229	
Eskifjörður	27.9.	28	51	12	22	2	4	3	5	10	18	55	
Seyðisfjörður	14.10.	37	49	18	24	8	11	9	12	4	5	76	2
Múli	28.-29.9.	28	41	13	19	5	7	7	10	15	22	68	
Fljótsdalsheiði	28.9.-10.10.	201	49	50	12	53	13	26	6	40	10	413	106
Samtals		531	50	202	19	105	10	77	7	102	10	1060	108
Flugtalning													
Jökuldalsheiði	3.10.	29	46	13	21	4	6	3	5	14	22	63	
Fljótsdalsheiði	3.10.	198	56	84	24	21	6	20	6	29	8	352	159
Allt		758	51	299	20	130	9	100	7	145	10	1475	267

Þegar samsetningin er skoðuð eftir veiðisvæðum (7. tafla) sést að hlutfall einstakra hópa er breytilegt en þó hvergi fjarri því sem stefnt hefur verið að þ.e.a.s. að kýr séu 50%, kálfar 20% og tarfar 30%.

7. tafla. Samsetning hjarða á fengitíma árið 2001 eftir veiðisvæðum.

Veiðisvæði	?		Kálfar		V ?		2 ?		3+ ?		Tarfar	Samtals
	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%	%	n
1 (leiðrétt)*	27	43	13	21	6	10	3	5	14	22	37	63
2 (leiðrétt)*	421	51	147	18	93	11	53	6	84	10	27	798
3	63	44	48	34	16	11	7	5	9	6	22	143
4	65	50	30	23	10	8	12	9	14	11	28	131
5	137	60	43	19	13	6	16	7	20	9	22	229
Samtals	713	52	281	21	138	10	91	7	141	10	27	1364

*flugtaling leiðrétt með tilliti til landtalingar.

Upplýsingar um hjarðir á einstökum veiðisvæðum og tillaga um veiðikvóta 2002

Upplýsingar um hagagöngu hreindýra sem fara hér á eftir eru að miklu leyti fengnar úr vetrartalningaskýrslum og upplýsingum heimamanna auk eigin athuganna.

Gerð er tillaga um að auka veiðikvótann í 574 sem er 128 fleiri en 2001. Megin ástæða þessa er að stofninn reyndist stærri en búist var við samkvæmt vetrartalningu (sjá fylgiskjal I – Stofninn).

Svæði 9

Mýrar og Suðursveit (Hornafjörður)

Að Gerði í Suðursveit komu 13 tarfar og 15 kýr og vetrungar í janúar 2001. Kýrnar hurfu í lok vetrar en síðast fréttist af törfunum í túni 12. júní.

Þann 11. mars voru 130-140 hreindýr í einum hópi á Mýrum. Fimm dögum síðar voru 104 þeirra í tveimur hópum í Haukafelli og við Fláajökul. Seinni hluta október var á annað hundrað dýr við Hólmsá. Í 8. töflu er sýnd sundurgreining dýra á Mýrum. Athygli vekur hátt kálfahlutfall sem skýrist að hluta af því hversu fáir tarfar eru í úrtakinu. Ljóst er að einhverja tarfa vantar inn í myndina og jafnvel einhverjar kýr og kálfa.

8. tafla Sundurgreining dýra á Mýrum 16. mars 2001.

	Kýr	Kálfar	Veturg. tarfar	2+ tafar	Samtals
Haukafell	36	23	3	2	64
v/Fláajökul	26	13	1		40
Samtals	62	36	4	2	104
%	60	35	4	2	

Ef reiknað er með að a.m.k. 130 dýr hafi verið á Mýrum og 28 í Suðursveit í lok vetrar 2001 gerir það um 170 dýr. Ef kálfahlutfall af heild hefur verið um 25% í júlí fór fjöldi dýranna í 220. Á svæði 9 veiddust 9 dýr í haust svo í byrjun vetrar ættu þau að vera um 210. Til að tryggja það að dýrunum fækki frekar á þessu svæði er því lagt til að kvótinn verði 55 dýr (sjá fylgiskjal I.). Einnig er lagt til að veiða megi tarfa í Suðursveit frá 15. júní og lögð verði áhersla að fella öll dýr sem næst til í Suðursveit og þá

afganginn af kvótanum á Mýrum. Brýnt er að kanna samsetningu hjarðarinnar á fengitíma á þessu svæði svo hægt sé að stilla tarfaveiðina af í hermílikaninu.

Svæði 8

Nes (Hornafjörður)

Um miðjan mars 2001 voru flest dýrin við Gildrasker rétt austan Hornafjarðarfljóts og voru búin að vera á þeim slóðum í allan vetur. Auk þessa fundust nokkur dýr við Svínafell á sama tíma.

9. tafla. Hreindýr í Nesjum 16. mars 2001.

	Kýr	Kálfar	Veturg. tarfar	2+ tarfar	Samtals
Gildrusker	28	7	3	5	43
Svínafell	1	1		8	10
Samtals	29	8	3	13	53
%	55	15	6	25	

Lón (Hornafjörður)

Í vetrartalningu fundust 124 dýr (10. tafla). Fullorðnir tarfar voru um 20% sem bendir til þess að þeir séu a.m.k. nógu margir á svæðinu.

10. tafla. Hreindýr í Lóni 17. mars 2001 og í vetrartalningu.

	Kýr	Kálfar	Veturg. tarfar	2+ tarfar	Samtals
Þorgeirsstaðadalsá	31	8	5	12	56
V Jökulsár	13	2	4	1	20
Þórisdalur				4	4
Samtals	44	10	9	17	80
%	55	13	11	21	
Vetrartalning	64	28	11	21	124
%	52	23	9	17	
Til samans	108	38	20	38	204
%	53	19	10	19	

Niðurstaðan er því sú að á svæði 8 hafi í vetur verið a.m.k. 177 dýr (11. tafla) sem fjölgaði í um 220 í júlí.

11. tafla. Lágmarksfjöldi hreindýra á svæði 8.

	Kýr	Kálfar	Veturg. tarfar	2+ tarfar	Samtals
Gildrusker/Nes	28	7	3	5	43
Svínafell/Nes	1	1		8	10
Vetrartalning/Lón	64	28	11	21	124
	93	36	14	34	177

Til að halda svipuðum fjölda hér áfram er lagt til að kvótinn verði 30 dýr. Samkvæmt hermílikaninu yrði fjöldin sá sami árið 2005 og í dag ef kvótin væri í kringum 30 dýr næstu árin (fylgiskjal I.).

Svæði 7

Djúpivogur

Búlandshreppur. Þrír tarfar voru mættir um miðjan nóvember 2000.

Beruneshreppur. Í Fossárdal voru 50-60 dýr í nóvember 2000. Í desember voru 25 dýr upp af Berufirði en virtust fara út um Kelduskóga en hurfu síðan. Í janúar 2001 sáust 23 dýr innst á Berufjarðardal. Ekkert spurðist til þeirra í febrúar.

Geithellnahreppur. Í gamla Geithellnahreppi fundust 207 dýr eða þremur fleiri en árið 1999.

Til samans fundust 278 hreindýr sem gera um 350 dýr í júlí. Veiðin fækkar þeim síðan niður í um 300 í vetrarbyrjun. Lagt er til að veiðikvóti verði svipaður eða 52 dýr.

Svæði 5

Eskifjörður og Norðfjörður (Fjarðabyggð)

Í október 2000 voru flest dýrin í Karlsstaðasveif og 100 - 130 inn við Hauga upp af Stóru-Breiðuvík, inn undir Grákollu. Einhver dýr voru í Viðfirði og 30 - 40 dýr í Þverárdal inn undir Eskifjarðarheiði. Í nóvember voru dýrin á svipuðum slóðum nema hvað dýrin úr Karlsstaðasveifinni voru meira innan við Vaðlavíkurheiði og út í Vaðlavík. Í desember voru þau á svipuðum slóðum en dreifðari. Í janúar 2001 voru um 80 dýr upp af Stóru-Breiðuvík, 30 - 40 í Viðfirði og för sáust upp af Sigmundarhúsum. Einnig voru dýr upp af Steinsárklettum inn á Eskifjarðardal. Í febrúar sáust 16 dýr við Norðfjarðarveg og einnig var vitað um dýr í Þverárdal og við Haugaöxlina upp af Vaðlavík. Í lok vetrar fundust síðan 27 dýr í Fannardal.

Í vetrartalningu fundust 194 dýr og miðað við 25% kálfahlutfall í júlí gerir það 243 dýr. Þann 10. september 2001 voru 229 dýr í Sandvík. Lagt er til að kvótinn hækki í 60 dýr til að tryggja að dýrunum fjölgi ekki meira á svæðinu, fækki frekar.

Svæði 4

Reyðarfjörður (Fjarðabyggð)

Innan við Eskifjarðarsel voru 52 dýr þann 19. mars og var talið að þau tilheyrðu Reyðarfjarðarhjörðinni.

Þann 24. mars voru 38 dýr stutt innan við Teigargerði og 10 í Hólmanesi, í allt um 13 fullorðnir tarfar (upplýsingar frá Ríkharði Einarssyni). Talið að þetta væru sömu dýrin og voru á Eskifjarðardal.

Þann 26. apríl voru 57 dýr inn á Eskifjarðardal og þann 22. maí voru 20 tarfar á túninu við Hraun. Á fengitíma voru 55 dýr á Þverárdal innan og ofan við Eskifjörð (12. tafla).

Mjóafjarðarhreppur

Í október 2000 brá fyrir ca 20 dýra hópi í Mjósundum við veginn rétt ofan við Barnár en engin dýr hafa sést eftir það. Hópurinn sem var í Mjóafirði 1999 hefur trúlega flutt sig í Seyðisfjörð.

Seyðisfjörður

Í byrjun apríl 2001 var haft eftir Jóni á Hánefsstöðum í Seyðisfirði að á túnunum hjá honum væru um 100 dýr. Leytað var að hreindýrum í sunnanverðum Seyðisfirði á fengitíma og fundust um 80 dýr í Hánefsstaðadal (12. tafla).

12. tafla. Niðurstöður athugana á hreindýrum á svæði 4 á fengitíma 2001.

	Dags.	?		Kálfar		V ?		2 ?		3+ ?		Samtals	x
Eskifjörður	27.9.2001	28	51	12	22	2	4	3	5	10	18	55	
Seyðisfjörður	14.10.2001	37	49	18	24	8	11	9	12	4	5	76	2
		65	50	30	23	10	8	12	9	14	11	131	2

Lagt er til að veiðikvótinn verði 32 dýr sem er 24 dýra aukning frá því sem var, enda dýrunum fjölgað verulega á svæðinu.

Svæði 3

Borgarfjarðarhreppur

Í vetrartalningu 2001 fundust 90 dýr og hafði fækkað um helming frá 1999. Vitað var að þau fóru yfir í Mjóafjörð og Seyðisfjörð. Á fengitíma 2001 voru rúmlega 140 dýr í Húsavík. Seinna sáust dýrin aftur og var þá talið að þau væru um 180. Vegna þessarar fjölgunar er gerð tillaga um aukinn veiðikvótinn, eða 31 í stað 16 (sjá 1. og 6. töflu og fylgiskjal I).

Svæði 1, 2 og 6 (Snæfellshjörð)

Breiðdalshreppur

Það voru 72 dýr, mest kýr og kálfar, í Breiðdal frá byrjun janúar til miðs mars 2001 en þá fóru þau upp á Breiðdalsheiði og voru þar þegar talið var. Þá komu 11 tarfar í ljós 15. apríl sem ekki var vitað hvaðan komu. Sami fjöldi var í vetrartalningu 2001 og 1999.

Austur-Hérað

Vellir. Í október til desember 2000 voru 25 dýr á Gilsárdal. Tveir tarfar héldu sig á austur Völlum og m.a. rétt inann við sláturhúsið á Egilsstöðum á veiðitíma. Í desember sáust 40-50 dýr fyrir austan Freyshólafjall norðan Sauðhaga. Þann 5. janúar 2001 voru 5 dýr á túni í Ásgarði, 40 fyrir ofan Hafursá og 25 á Gilsárdal. Í vetrartalningu fundust 35 dýr, helmingi fleiri en 1999. Eitt af því sem skiptir máli hér hvað varðar fjölda hreindýra á svæðinu er hvenær og hvernig Fljótið leggur.

Skriðdalur. Í desember 2000 komu 70-80 dýr út á Múla og Hallormsstaðaháls. Dýrin voru komin út á dal í janúar 2001, fóru inn á afrétt um miðjan mánuðinn nema 9 tarfar sem héldu til á austurbyggð. Í febrúar sáust 14 dýr á Múla og 22 í Haugahólum en stóðu stutt við. Í lok mánaðarins komu 80-100 dýr út í dal, aðallega á Norðurbyggð. Í vetrartalningu 2001 voru um 100 dýr í Skriðdalshreppi forna og var það um 70 fleiri en 1999.

Norður-Hérað

Jökulsárhlíð. Í vetrartalningu 2001 fundust 23 dýr sem er töluvert færri en 1999. Samkvæmt bændum í Hólmatungu sáust engin dýr á eyjunni eftir áramót. Samkvæmt Stefán á Ketilsstöðum sáust 10 dýr þar eftir áramót.

Hróarstunga. Í Heiðarenda komu um 200 dýr í október 2000 og þá voru 5 dýr á Húsey. Í nóvember fjölgaði dýrunum í Heiðarendanum í 3 - 400 og sjö í Húsey en 20-30 voru á Stóra-Bakkahálsi. Í desember fóru 200 - 300 dýr út fyrir veggirðinguna í Heiðarendanum og voru vítt og breitt um Tunguna í 50 - 100 dýra hópum. Þá voru um tíma 100 hreindýr í Húsey. Í janúar

og febrúar 2001 voru 150 - 200 dýr á flakki um Tunguna utan veggirðingar. Í vetrartalningu 2001 fundust 168 dýr í Tungunni sem er rúmlega 90 dýrum meira en í talningu 1999.

Jökuldalur. Um 470 hreindýr voru á Jökuldal í vetrartalningu 2001 og þar ívið fleiri norðan Jöklu en austan. Þetta er um 80 fleiri dýr en 1999.

Fellahreppur

Strax í upphafi rjúpnaveiðitímans 2000 var komið mikið af dýrum út á Fellaheiði og héldu þau sig þar fram í nóvember. Í lok mánaðarins komu þau töluvert niður í fjallið og alveg niður í byggð. Í desember var meginhluti dýranna kominn niður í fjall og niður á tún á þeim bæjum sem land eiga til fjalls. Þann 6. desember voru um 80 dýr á túni við Fjallssel. Þá komu tveir tarfar niður í ásana við Urriðavatn en hurfu fljótt aftur. Í janúar og febrúar 2001 héldu dýrin sig á svipuðum slóðum, gerðu óskunda í skógarsvæðum og voru að mestu í byggð. Um 100 dýr voru í kringum Miðhúsasel.

Um 70 dýra blandaður hópur kom í Skógargerði um mánaðarmótin mars-apríl 2001. Þau voru látaust rekin, lengst norður fyrir Hafrafellshalann. létu þau segjast um miðjan mánuðinn. Þá birtust fimm til sex tarfar sem stöðugt voru reknir og hurfu þeir fljótlega.

Í Fellahreppi voru 261 hreindýr í vetrartalningu og var það um 100 fleiri en 1999.

Vopnafjarðahreppur

Í nóvember 2000 sáust um 20-30 hreindýr við veginn á Banatorfum í kringum Hölkná. Upp úr miðjum desember var kominn álíka stór hópur norður af Mælifelli, gæti verið sami hópur. Í janúar 2001 voru hreindýrsslóðir út í sporði við Hofsá og Tungá og þá sást til hóps í Fríðufelli. Einnig voru einhver dýr út í Hauksstaðaheiði og fáein sáust út undir Mælifellsá. Í febrúar virtist sem dýrum fjölgaði heldur í heiðunum inn af og vestur af sveitinni, en ekki er nein áreiðanleg tala á þeim, en örugglega einhverjir tugir.

Fimm dýr voru utan við veg á Sandvíkurheiði í maí 2000 og fimm tarfar héldu til í kring um Þorbrandsstaði frá því síðast í apríl og fram að 25. júní 2000.

Dýrin voru helmingi fleiri (148) í vetrartalningu 2001 en 1999. Þar sem hreindýrum hafði fækkað á Jökuldalsheiði má reikna með því að eitthvað af þeim hafi nú verið í Vopnafjarðahreppi.

Tillaga Náttúrustofu Austurlands að kvóta og skiptingu hreindýraveiðileyfa árið 2002

Lagt fyrir Hreindýraráð 14. nóvember 2001 og samþykkt þar óbreytt.

Tillaga um veiðikvóta fyrir 2002 er 261 tarfur og 313 kýr. Veiðikvótinn er hækkaður frá í fyrra. Það byggir á upplýsingum um samsetningu stofnsins og því að samkvæmt vetrartalningu er stofninn rúmlega 3400 dýr. Veiðikvótinn miðar að því að halda stofninum í um 3000 dýrum (þ.e. sumarstofn). Í fylgiskjali I er kvótinn á hverju veiðisvæði skoðaður nánar með hjálp hermilíkans sem notað hefur verið til að áætla veiðikvótann.

Ennfremur:

- ?? Veturgamlir tarfar verði áfram alfriðaðir.
- ?? Stuðla að því að það komist botn í hvar má aka og hvar ekki á veiðisvæðum.
- ?? Tryggja enn frekar eftirlit með veiðum og akstri í samráði við sýslumenn og lögreglu.
- ?? Engin veiði leyfð á Snæfellssvæðinu fyrir 15. ágúst (þ.e. á svæði sem afmarkast að vestan af Jökulsá á Dal, frá Hnitasporði þvert yfir að Tungusporði, í topp á Urgi, þaðan í Laugará og inn Jökulsá í Fljótsdal og með austustu kvísl í jökul).
- ?? Veiðikvóta megi flytja á milli svæða 1 og 2 ef ástæður þykja til. Haft skal fullt samráð um það við Náttúrustofu Austurlands.
- ?? Mörk svæða verði óbreytt.
- ?? Tarfar á svæði 9 verði allir veiddir í Suðursveit ef þeir verða ekki komnir á Mýrar.
- ?? Tarfaveiði hefjist 15. júní í Suðursveit.
- ?? Kýr sem nást ekki á svæði 9 á veiðitíma verði skotnar í nóvember og desember.

Tillaga Náttúrustofu Austurlands á hreindýraveiðikvóta 2002						
				<i>Breyting frá 2001</i>		
	Tarfar	Kýr	Alls	<i>Tarfar</i>	<i>Kýr</i>	<i>Alls</i>
Vopnafjarðarhreppur	2	6	8		2	2
Jökuldalur N	10	4	14		1	1
Jökulsárhlíð	2	5	7		2	2
Svæði 1	14	15	29	0	5	5
Jökuldalur A	38	32	70		2	2
Hróarstunga	7	11	18		4	4
Fellahreppur	14	18	32		4	4
Fljótsdalshreppur	45	33	78		3	3
Vellir V	4	6	10		2	2
Skriðdalur V	2	5	7		2	2
Hjaltastaðarþinghá	3	9	12		2	2
Eiðarþinghá	2	5	7		2	2
Svæði 2	115	119	234	0	21	21
Borgarfjarðarhreppur	16	15	31	14	1	15
Svæði 3	16	15	31	14	1	15
Vellir A	2	2	4	2	2	4
Mjóifjörður	2	4	6		2	2
Seyðisfjörður	4	8	12	2	6	8
Reyðarfjörður	6	4	10	6	4	10
Svæði 4	14	18	32	10	14	24
Eskifj/Norðfj	15	45	60	-8	22	14
Svæði 5	15	45	60	-8	22	14
Skriðdalur A	9	12	21		2	2
Breiðdalshreppur	14	16	30		2	2
Svæði 6	23	28	51	0	4	4
Djúpavogshreppur	24	28	52	1	1	2
Beruneshreppur						
Búlandshreppur						
Geithellnahreppur						
Svæði 7	24	28	52	1	1	2
Lón	9	10	19	4	6	10
Nes	6	5	11	1	5	6
Svæði 8	15	15	30	5	11	16
Mýrar	15	30	45	4	20	24
Suðursveit	10		10	3		3
Svæði 9	25	30	55	7	20	27
	261	313	574	29	99	128

Skipting eftir sveitarfélögum				Breyting frá 2001	
	Tarfar	Kýr	Alls	Tarfar	Kýr
Vopnafjarðarhreppur	2	6	8		2
Jökuldalur N	10	4	14		1
Jökuldalur A	38	32	70		2
Jökulsárhlíð	2	5	7		2
Hróarstunga	7	11	18		4
Norður Hérað	57	52	109		9
Fellahreppur	14	18	32		4
Fljótsdalshreppur	45	33	78		3
Hjaltastaðarþinghá	3	9	12		2
Eiðaþinghá	2	5	7		2
Vellir V	4	6	10		2
Vellir A	2	2	4	2	2
Skriðdalur V	2	5	7		2
Skriðdalur A	9	12	21		2
Austur Hérað	22	39	61	2	12
Borgarfjarðarhreppur	16	15	31	14	1
Mjóifjörður	2	4	6		2
Seyðisfjörður	4	8	12	2	6
Reyðarfjörður	6	4	10	6	4
Eskifj/Norðfj	15	45	60	-8	22
Fjarðabyggð	21	49	70	-2	26
Breiðdalshreppur	14	16	30		2
Beruneshreppur					
Búlandshreppur					
Geithellnahreppur					
Djúpavogshreppur	24	28	52	1	1
Lón	9	10	19	4	6
Nes	6	5	11	1	5
Mýrar	15	30	45	4	20
Suðursveit	10		10	3	
Hornafjörður	40	45	85	12	31
Samtals	261	313	574	29	99